

30. september 1987

857

Nr. 448

## REGLUGERÐ

um gjald af ísfiski sem fluttur er óunninn á erlendan markað.

### 1. gr.

Greiða skal sérstakt gjald af ísfiski, sem fluttur er óunninn á erlendan markað. Flytji skip eigin afla á erlendan markað er sá afli undanþeginn gjaldi þessu. Gjaldið rennur í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Vegna útflutnings frá og með 1. október til og með 31. desember 1987 skal gjaldið vera sem hér segir:

|                  | Aurar af hverju<br>kílógrammi |
|------------------|-------------------------------|
| Porskur .....    | 130                           |
| Ýsa .....        | 60                            |
| Ufsi .....       | 60                            |
| Grálúða .....    | 60                            |
| Steinbítur ..... | 60                            |
| Karfi .....      | 60                            |

Miðað er við slægðan fisk með haus. Hvað karfa varðar er þó miðað við óslægðan fisk.

### 2. gr.

Upplýsingar útflytjenda um magn einstakra fisktegunda og heildarmagn skulu tilgreindar í útflutningsleyfi.

Jafnframt skal fram koma í útflutningsleyfi í hvaða banka gjaldeyrisskil fari fram vegna útflutnings.

### 3. gr.

Viðskiptaráðuneytið sendir hlutaðeigandi viðskiptabanka útflytjanda sbr. 2. mgr. 2. gr. afrit af útflutningsleyfi og innheimtir bankinn gjald á grundvelli upplýsinga samkv. 1. mgr. 2. gr. af fyrstu gjaldeyrisskilum sem bankanum berast vegna útflutningsins.

Lokaskil fara fram þegar bankanum berast endanlegar magntölur vegna útflutningsins.

### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum nr. 66, 10. júlí 1987, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 316, 14. júlí 1987.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 30. september 1987.*

F.h.r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Jón B. Jónasson.*

B 58